

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 338.

14. júlí 1975.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.308% af gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð.

Íbúðarhús	minnst 8.12 kr. /m ³
Iðnaðarhús	— 1.96 —
Vörugeymslur	— 1.96 —
Allt annað húsnæði	— 8.12 —

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.94 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, er að framan eru talin skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn skal vera kr. 56.00 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiaðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 10.50 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 7.00 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 2.430 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr. 840 pr. ár
50 mm mælir	— 1400 — —
80 mm mælir	— 1680 — —
100 mm mælir	— 3360 — —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 55 2. mars 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

14. júlí 1975.

Nr. 339.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vogakauptúns.

1. gr.

Tengigjöld:

- a) Af íbúðarhúsum skal greiða kr. 10 000.00 á inntak miðað við 1 íbúð, en kr. 7 000.00 á íbúð umfram þá fyrstu, á sama inntaki.
- b) Fyrirtæki skulu greiða kr. 15 000.00 fyrir inntak.

Gjöld þessi grundvallast á byggingarvísitölu 1455 stig og hækka síðan í hlutfalli við hækkun byggingarvísitölu.

2. gr.

Vatnsskattur:

- a) Fyrir íbúðarhús greiðast kr. 3 000.00 pr. íbúð.
- b) Fyrirtæki með vatnsfrekan rekstur, t. d. fiskvinnslu, greiði 0,50% af fasteignamati húss og lóðar.
- c) Fyrirtæki sem ekki eru með vatnsfrekan rekstur t. d. verslanir greiði 0,30% af fasteignamati húss og lóðar.

Hreppsnefnd hefur heimild til að hækka vatnsskatt um allt að 50%, án sérstakrar heimildar ráðuneytis.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.